

Ítarefni um Grímsey

1. Um Grímsey

Grímsey liggur á heimskautsbaug, 41 km frá norðurströnd Íslands. Hún er 5,3 ferkílómetrar að flatarmáli og 5,5 km að lengd. Eyjan er mynduð úr blágrýti og myndar það víða afar fallett stuðlaberg sem er vinsælt myndefni ljósmyndara. Grímsey hallar frá austri til vesturs. Að austan ganga há björg í sjó fram og er bjargbrúnin 105 m yfir sjó þar sem hún er hæst. Að vestan er eyjan lægri og þar er höfnin og byggð eyjarinnar. Frá eyjunni er fögur fjallasýn frá suðvestri til suðausturs.

Verðurfar í eyjunni er úthafsloftslag, þar er lítið skjól fyrir vindum og eru norðlægir vindar ríkjandi, mikil selta er í lofti.

2. Samfélagið

Í Grímsey eru skráðir um 90 íbúar en þar búa fast um 76 manns. Aðalatvinnuvegur eyjarbúa er fiskveiðar og fiskverkun. Landbúnaður til heimilisnota hefur verið stundaður frá upphafi en nokkuð hefur dregið úr honum á síðustu árum fyrir utan fjárbúskap sem er í vexti.

Þjónusta við ferðamenn er vaxandi. Fastar flugferðir eru þangað frá Akureyri og skipsferðir með ferju frá Dalvík. Raforka í Grímsey er framleidd með díselraftstöð og kælivatn frá raftstöðinni nýtist sundlauginni á staðnum.

Menningarlíf hefur jafnan staðið með blóma í Grímsey. Grímseyingar voru frægir fyrir taflmennsku sína á síðari hluta 19. aldar. Bandarískur auðmaður og áhugamaður um skák, Daniel Willard Fiske, sem fæddur var 1831, sigldi fram hjá eyjunni og frétti af þessu. Af því tilefni færði hann hverju heimili í eyjunni taflborð og taflmenn að gjöf og jafnframt færði hann eyjarbúum háa fjárhæð sem lögð var í sjóð til styrktar íbúunum.

Er hans ávallt minnst í Grímsey og fæðingardagur hans, 11. nóvember, er haldinn hátíðlegur ár hvert. Hjá eyjabúum telst sá dagur sem þjóðhátíðardagur Grímseyjar. Bókasafn er í eyinni og þar eru einnig varðveittir gripir úr gjöf Fiske m.a. bækur, myndir og taflborð. Barnaskóli er í eyjunni fyrir nemendur til 14 ára aldurs.

Byggð í Grímsey hefur verið á undanhaldi og til að tryggja hana þarf að viðhalda góðum samgöngum og fleiri atvinnutækifærum. Það má gera með auknu streymi ferðamanna til eyjarinnar. Þar skapast eftirspurn sem getur tryggt áframhaldandi og auknar samgöngur, störf í ferðaþjónustu á heilsársgrundvelli og samfara því herra þjónustustig í eyjunni sem gagnast jafnt íbúum sem gestum.

3. Samgöngur og þjónusta

Ferjan Sæfari siglir 3 sinnum í viku til Grímseyjar frá Dalvík (mánudaga, miðvikudaga og föstudaga), siglingin tekur um 3 klst. Á veturna stansar ferjan tæpa klukkustund eða þann tíma sem tekur að afferma og ferma skipið, en á sumrin er stansað að jafnaði í um 3 klst. Ferjan tekur um 108 manns.

Norlandair heldur uppi áætlunarflugi til Grímseyjar allt árið, á sumrin daglega (júníóágúst) en þess utan þrisvar sinnum í viku og er stoppið í eyjunni á sumrin um 2 klst. en á veturna um 1 klst. Vélarnar sem sinna fluginu geta tekið allt að 15 farþega.

Í eyjunni eru rekin 2 gistiheimili (Básar og Gullsól), tjaldsvæði, veitingastaður, verslun, minjagripabúð, kaffihús og sundlaug. Boðið er upp á ýmis konar afþreyingu eins og leiðsögn, hjólaleigu, bátsferðir, heimsóknir í heimahús, köfun og stjóstöng. Vísir að golfvelli (3 holur) er við núverandi tákni fyrir heimskautsbauginn. Félagsheimilið Múli er nýtt þegar um sérstaka viðburði er að ræða sem veislusalur, fyrir skemmtanir og sem gististaður.

4. Ágrip af sögu Grímseyjar

Byggð hefur verið í Grímsey frá landnámi og var eyjan jafnan talin matarkista vegna hins gjöfylla lífríkis sem þar er að finna. Þjóðsaga tengir nafn eyjarinnar við landnámsmanninn Grím frá Sogni í Noregi en aðrar skýringar kunna einnig að vera á nafninu sem á sér samsvaranir m.a. í Noregi og á Bretlandseyjum. Eyjan var til forna í eigu Munkaþverár og Möðruvallaklaustra. Voru bændur í eyjunni leiguliðar og greiddu landsskuldina í skreið til klaustranna.

Grímsey var sjálfstætt sveitarfélag, en vorið 2009 samþykktu íbúar Grímseyjar og Akureyrar með miklum meirihluta að sameina sveitarfélögin. Eyjarnar Hrísey og Grímsey eru því báðar hluti Akureyrarkaupstaðar.

5. Áhugaverðir staðir

Heimskautsbaugurinn

Heimskautsbaugurinn sker þvert í gegnum Grímsey frá vestri til austurs um norðurhluta hennar. Tákn fyrir bauginn hefur verið reist á 66°32'22"N, einhvers konar brú sem hægt er að ganga yfir, fyrir norðan flugstöðina, við hliðina á norðurenda gistiheimilisins Bása. Við hlið táknsins má finna vegprest sem sýnir vegalengdina til helstu borga í heiminum.

Ekki er til šréttö staðsetning á heimskautsbaugnum því hann færir norður um u.þ.b. 15 sm á ári. Hann gekk inn á eyna snemma á 18. öldinni. Um aldamótin var hann nálægt Básam (og núverandi flugvallarbyggingu), í dag er hann nálægt Almannagjá.

Baugurinn sveiflast á 20.000 árum frá 65,5°N til 68°N og í dag er hann staddur í ca 66°33,5'N.

Skilgreining á heimskautsbaug er að norðan hans sest sólinn ekki á sumarsólstöðum, horft frá sjávarmáli, og ber að geta að ekki tekið tillit til ljósbrots. Þessi skilgreining getur verið ruglandi. Ljósbrotið veldur því að sólin hverfur ekki undir sjónarrönd dögum saman í kringum sumarsólstöður, jafnvel þótt athugandinn sé staddur tugi kílómetra sunnan baugsins. Raunar getur þessi staða komið upp í allt að 100 km fjarlægð ef farið er til fjalla.

Af þessum sökum hefur hann verið snegldurð niður á ýmsum stöðum og þá oftast 66°32'0"N eða 66°33'0"N. Núverandi šbrúð yfir heimskautsbauginn í Grímsey er staðsett u.þ.b. á 66°32, 32'0"N. Af framansögðu má ráða að sú staðsetning er ekki betri/verri en hver önnur.

Grímseyjarkirkja

Kirkjan er byggð 1867 en stækkuð og endurbætt árið 1932. Altaristaflan er gerð af Arngrími

Gíslasyni á Völlum í Svarfaðardal árið 1878 og er hún eftirmynd af verki eftir Leonardo da Vinci. Jón biskup Ögmundsson vígði kirkju í eyjunni snemma á elleftu öld og var hún helguð Ólafi, þjóðardýrtingi Norðmanna.

Hólmarnir

Við norður enda tjarnarinnar sem liggur við leiðina frá þorpinu út á flugvöllinn má sjá tvo höfða við ströndina. Þar segir sagan að fyrstu landnemar Grímseyjar séu heygðir, maður að nafni Grímur, sem sigldi ásamt fjölskyldu sinni frá Sognafirðinum í Noregi til Íslands og settist að í Grímsey. Hann og kona hans eru sögð heygð hvort á sínum höfðanum sem liggja þarna rétt við hvern annan.

Stuðlabergið

Í Grímsey eru margar fallegar stuðlabergsmýndanir. Þær flottustu má finna á suðvestur horni eyjarinnar. Bergtegundin basalt myndast við storknun kviku við eldgos og er algengasta bergtegundin á Íslandi. Blágrýti er ein tegund basalts og sú sem er algengust í Grímsey. Ef basalt kólnar við ákveðin skilyrði getur það kristallast og myndað hina sexköntuðu kristala sem kallast stuðlaberg.

Björgin

Á fyrri tímum voru björgin mikilvæg matarbúr og átti hver bær sitt bjargsvæði þar sem tínd voru egg og fuglar veiddir. Kiwanisfélag eyjarinnar hefur séð til þess að björgin eru merkt sínum fornu nöfnum sem oft tengjast bæjarnafninu sem átti viðkomandi bjarghluta.

Björgin á austur hluta eyjarinnar eru hæst og eru allt að 60 til 100 metra há og hafa þau í gegnum tíðina verið mikilvægt forðabúr fyrir eyjaskeggja. Egg eru tínd enn í dag fyrir gesti og ferðamenn en líka til að tryggja heimafélki góðgæti bjargsins.

Sjórinn

Lífríki sjávar við Grímsey er fjölbreytt og er afrakstur þess nýttur bæði af íbúum eyjarinnar og aðkomumönnum til matargerðar.

Boðið er upp á siglingar frá Grímsey m.a. til að njóta fuglalífsins og bjarganna sem eru tilkomumikil, sérstaklega séð frá sjó. Oft er siglt umhverfis eyna auk þess að boðið er upp á sjóstangaferðir, en aðstæður eru mjög góðar og gjöfufull veiðimið upp við eyna. Ferðirnar eru mislangar, allt frá 60 mínútum upp í heilan dag.

Sjórinn í kringum Grímsey er tær og hreinn og því frábær til köfunar. Kafarar geta notið fjölbreytts dýralífs og gróðurs ásamt þeirri einstöku upplifun að kafa með sjófuglunum. Besti tíminn til að sjá fuglana er frá miðjum apríl og fram í miðjan júlí. Sjórinn í kringum Grímsey er mjög kaldur en hitastigið er 8°C á sumrin og fer í 4°C á veturna.

6. Annað aðdráttarafl og Þjóðsögur

Miðnætursólin

Grímsey er á norðurheimsskautsbaugnum og því er hægt að upplifa einstaka miðnætursól að sumri til. Við sumarsólstöður er sólin fyrir ofan sjóndeildarhringinn allan sólarhringinn. Grímseyingar halda upp á sumarsólstöðurnar með skemmtilegri hátíð ár hvert.

Fuglarnir

Fuglalífið í Grímsey er einstakt og eru fjölmargar tegundir á eyinni, í þéttbýlum byggðum. Margar ástæður eru fyrir því að fuglalíf dafnar vel á eyinni; stutt er í ríkar veiðilendur, engar rottur eða mýs og veiði á fuglum og eggjasöfnun hefur verið mjög verið takmörkuð með tímanum.

Á sumrin er Grímsey heimili nánast allra helstu vaðfugla, mófugla og sjófugla sem heimsækja Ísland á ári hverju. Besti tíminn til að skoða fugla er frá apríl til ágúst. Eftir það eru farfuglar farnir að hefja ferðalag sitt suður á bóginn og sjófuglar halda út á haf. Mest af sjófuglum heldur sig úti á rúmsjó yfir vetrarmánuðina en koma í enda febrúar til að finna sér hreiðurstæði á þéttbýlu klöppunum á eyinni.

Grímsey er einn af bestu stöðum á Íslandi til að skoða fugla sem verpa á klöppum og eru svartfættur Rita (*Rissa tridactyla*), Fíll (*Fulmarus glacialis*), Lundi (*Fratercula arctica*), Álka (*Alca torda*) Tísta (*Cepphus grylle*), Langvía (*Uria aalge*) og Stuttnefja (*Uria lomvia*) fuglar sem verpa í Grímsey. Þar er einnig að finna eitt stærsta varpsvæði Kríunnar og eina stærstu Lunda nýlendu á Íslandi. Fuglar sem einnig eru algengir í eyinni eru fuglar á borð við Maríuerlu (*Motacilla alba*), Snjótittling (*Plectrophenax nivalis*) og Steindepil (*Oenanthe oenanthe*).

Vinsamlegast hafið varan á þegar farið er nálægt klettabrúnunum. Lundarnir grafa holur undir brúnirnar fyrir hreiður sín og getur jarðvegurinn verið óstöðugur og skapað hættu þar sem jarðvegurinn verður laus í sér og óstöðugur.

Lítill sýning af uppstoppuðum fuglum í eigu safnara er á eyjunni og er við hliðin á veitingastaðnum Kríunni.

Norðurljós

Grímsey er frábær staður til að sjá og njóta norðurljósanna enda er ljósmengun í eyjunni mjög lítil. Bestu skilyrðin til að sjá norðurljósina eru frá síðari hluta septembers til loka apríl.

Þjóðsögur

Mikil álfabyggð er sögð á eyjunni vestanverðri auk þess er meðal íbúa þekkt frásögn um Bakkakarlinn en hann er sagður liggja á leyri við bakkana út með sjó og grípa til þeirra sem koma of nærri brúninni og hefur því nýst vel til að fæla börnin frá hættulegum bjargbrúnunum.

7. Ferðamenn

Sérstaða Grímseyjar er mikil og vannýtt er varðar staðsetningu, fuglalíf, samfélag o.fl. Föst byggð er á undanhaldi og til að tryggja áframhaldandi byggð í eyjunni, viðhalda viðunandi þjónustustigi og framboði á störfum þarf að draga athygli að Grímsey og auka ferðamannastraum þangað allt árið.

Árið 2012 komu u.þ.b. 8.000 ferðamenn til Grímseyjar og fer þeim fjölgandi á ári hverju. Grímsey býr yfir þeirri sérstöðu að vera nyrsti oddi Íslands og er þetta eini staðurinn þar sem heimskautsbaugurinn er á landi, en hann sker norðanverða eyjuna. Ein helsta ástæða fyrir heimsóknum ferðamanna til Grímseyjar er einmitt að komast á bauginn og fá skjal því til staðfestingar, en einnig til að njóta hins ríkulega fuglalífs sem þar er (apríl til ágúst) og miðnætursólarinnar sem þarna sést nema við hafsvörðinn um hásumar.

Grímsey er lítið kynnt og er aðgengi að eyjunni ekki einfalt. Hægt er að fljúga þangað frá Akureyri allt árið (daglega á sumrin en þrjá daga í viku á veturnar). Einnig er hægt að sigla frá Dalvík til Grímseyjar allt árið (3 daga í viku).

Fyrir utan bauginn, fuglana og sólina er það mannlífið og stemningin í eyjunni sem fangar áhuga fólks. Lítil afþreying er í boði innandyra og orsakast það bæði af fámenninu, skorti á húsnæði og að þeir sem búa í eyjunni í dag hafa í nógu að snúast. Á veturna er baugurinn megin aðdráttaraflíð, þótt verið sé að skoða fleira sem draga megi fram sem áhugavert fyrir ferðamenn. Það er því mikilvægt að heimskautsbaugurinn standi vel fyrir sínu.